

Líftrygging greiðir rétt höfum bætur ef váttryggður fellur frá af völdum slyss eða sjúkdóms. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001

1. KAFLI	LÍFTRYGGING	1
2. KAFLI	LÍFTRYGGINGARVERND BARNNA	1
3. KAFLI	IÐGJALDAFRELSI	2

Váttryggður er sá sem er tilgreindur í váttryggingarskírteininu.

1. KAFLI LÍFTRYGGING

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur til rétthafa ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar. Bótafjárhæð samsvarar váttryggingarfjárhæðinni eins og hún er á andlátsdegi með þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags.

3. gr. Undanþágur

Svipti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að váttryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

4. gr. Aldursmörk

Váttryggingin gildir til þess dags sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini þó ekki lengur en til 75 ára aldurs váttryggðs.

5. gr. Endurkaup og lán

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

6. gr. Réttur til hækkunar váttryggingarfjárhæðar án yfirlýsingar um heilsufar

Ef iðgjald fyrir líftrygginguna er ákveðið án aukaiðgjalds (álags) og hún er án undanskilinnar áhættu getur váttryggður sótt skriflega um hækkun á váttryggingarfjárhæðinni á gildistíma váttryggingarinnar, án frekari upplýsinga um heilsufar sitt innan þriggja mánaða frá því að hann:

- eignast barn eða ættleiðir barn yngri en 18 ára.
- kaupir fasteign þar sem hann hyggst halda heimili.

Hækkun váttryggingarfjárhæðar samkvæmt þessu ákvæði getur numið allt að 25% en að hámarki kr. 4.000.000 þó þannig að samanlögð heildarváttryggingarfjárhæð váttryggðs hjá félaginu fari ekki yfir kr. 20.000.000. Hækkunin tekur gildi þegar váttryggingartaka berst samþykki félagsins á henni. Réttur til hækkunar fellur niður þann dag sem váttryggður verður 45 ára.

Við hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar hækkar iðgjald váttryggðs samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins.

2. KAFLI LÍFTRYGGINGARVERND BARNNA

7. gr. Hvar gildir tryggingin

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

8. gr. Hvað bætir tryggingin

Váttrygging greiðir bætur ef barn váttryggðs, lifandi fætt, deyr á gildistíma váttryggingarinnar. Sama gildir um fósturbörn og stjúpborn váttryggðs sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og hann þegar andlátíð ber að höndum.

9. gr. Tímatakmörk

Sé andlát rakið til veikinda eða sjúkdóma greiðast aðeins bætur ef andlátíð ber að höndum eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá því að líftryggingin tók síðast gildi. Sama takmörkun á við um hækkun váttryggingarfjárhæðar.

10. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæð er 10% af váttryggingarfjárhæðinni eins og hún er á andlátsdegi barns með þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags, þó að hámarki kr. 2.000.000 vegna hvers barns. Hámarksbætur til váttryggðs vegna hvers barns geta aldrei orðið hærri þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en eitt líftryggingarskírteini sem veitir rétt til bóta. Greiðslur bóta úr þessari váttryggingu hafa hvorki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi líftryggingarinnar.

11. gr. Aldursmörk

Dánarbætur eru aðeins greiddar fyrir börn að 18 ára aldri miðað við afmælisdag barnsins.

3. KAFLI IÐGJALDAFRELSI

12. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

13. gr. Hvað bætir tryggingin?

Missi vátryggður að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma vátryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms, öðlast hann rétt til lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir en þó að hámarki í fimm ár. Iðgjaldafrelsið hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn var metinn. Réttur til iðgjaldafrelsins varir ekki lengur en að 65 ára aldri vátryggðs.

14. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsins en skerðing starfsorku um 50% eða meira veitir rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds.

Beiðni um iðgjaldafrelsi skal berast félaginu skriflega á þar til gerðu eyðublaði ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi leggur félagið mat á hæfni vátryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika á að gegna öðrum störfum. Iðgjaldafrelsi er aldrei veitt fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um það barst félaginu. Á meðan vátryggður nýtur iðgjaldafrelsins ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í læknesskoðanir eins og þurfa þykir á kostnað félagsins. Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

15. gr. Undanþágur

Vátryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsins ef skerðing starfsorku er beint eða óbeint af völdum sjúkdóms sem var fyrir hendi eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku vátryggingarinnar né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku vátryggingarinnar.

Ef rekja má orsök starfsorkumissins til háttsemi sem verður metin vátryggðum til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings, svo sem misnotkunar áfengis, fíkniefna eða eitrefna, eða vegna þátttöku í refsiverðum verknaði, öðlast vátryggður ekki rétt til iðgjaldafrelsins.

Skilmálar þessir gilda frá 17. febrúar 2022 og koma í stað eldri skilmála sem tóku gildi 2. október 2019.